

Velkomin í leikskólann Jötunheima



Velkomin/n í leikskólann Jötunheima.

Í þessu riti má finna helstu upplýsingar um leikskólann Jötunheima sem gott er að skoða áður en barnið þitt byrjar sína skólagöngu hjá okkur.

Hagnýtar upplýsingar

Stjórnendur leikskólans

Júlíana Tyrfingsdóttir

Leikskólastjóri

S: 480-6372

julianat@arborg.is

Ingunn Helgadóttir

Aðstoðarleikskólastjóri

S: 480-6373

ingunnh@arborg.is

Guðrún Hrafnhildur Klemenzdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri

S: 480-6373

gudrunhk@arborg.is

Heimilisfang leikskólans

Leikskólinn Jötunheimar

Norðurhólar 3

800 Selfoss

Netfang leikskólans:

jotunheimar@arborg.is

Heimasíða leikskólans er:

<http://jotunheimar.arborg.is>



Leikskólinn notar Völu til að skrá viðveru,

setja inn myndir o.fl.

Við hvetjum alla foreldra til að sækja sér

völu appið; Vala leikskóli.

Saga leikskólans

Leikskólinn Jötunheimar hóf starfsemi sína 8. september 2008. Þá sameinuðust tveir relstu leikskólar Sveitarfélagsins Árborg, Ásheimar og Glaðheimar.

Jötunheimar er 6 deilda leikskóli. Fagurgerði, Sólbakki, Sunnuhvoll eru staðsettar í austari hluta hússins. Aðalból, Fossmúli og Merkiland og staðsettar í vestari hluta hússins.

Leikurinn á vísdóm veit

Þessi orð eru leiðarljós leikskólans. Lögð er áhersla á að leikurinn komi fram í öllu daglegu starfi og borinn sé virðing fyrir honum. Markmið okkar er að öll börn fái að njóta sín á eigin forsendum og getu. Mikilvægt er að börnin fái góðan og samfelldan tíma til leikja og áhersla er lögð á sjálfstæði barnsins til að tjá sig í leik og starfi. Það er meðal annars gert í gegnum skapandi starf, málrækt, hreyfingu og með jákvæðum samskiptum.

Sérkennsla

Í Jötunheimum er starfandi sérkennslustjóri sem sinnir sérkennslu innan skólans í samráði við foreldra, deildarstjóra og sérfræðinga.

Sérkennslustjóri:

Eyrún Björk Einarsdóttir

S:480-6375

eyrunb@arborg.is

Heilsustefna Jötunheima

Leikskólinn Jötunheimar er heilsueflandi leikskóli. Markmið skólans er að stuðla að bættri heilsu og líðan allra þeirra sem í skólanum starfa, hafa heilsuhvetjandi áhrif á umhverfi sitt og skapa aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífsháttum. Til að þetta markmið náist verður lögð áhersla á samvinnu milli stjórnenda, starfsfólks, nemenda, aðstandenda og annarra sem að leikskólasamfélaginu koma. Jafnframt verður lögð áhersla á að hvetja til virkrar þátttöku og aukinnar meðvitundar um gildi bættrar heilsu og að hafa jákvæð áhrif á daglegar venjur og starf í skólanum.

Hver má sækja barnið?

Ef aðrir en þeir sem skráðir eru á dvalarsamning barns koma að sækja þarf að tilkynna það til kennara deildarinnar. Samkvæmt tilmælum frá umboðsmanni barna er miðað við að þeir sem koma að sækja barnið séu 12 ára á árinu eða eldri.

Við biðjum foreldra/forráðamenn að virða vistunartíma barnsins.

Opnunartími

Leikskólinn er opinn frá kl. 7:45-16:15.

Boðið er upp á sveigjanlega vistun sem þýðir að allir dagar vikunnar þurfa ekki að vera eins en vistun hvern dag þarf að vera að lágmarki 4 klst.

Sótt er um breytingar á vistun á vala.is og þarfa að gera þær fyrir 15. mánaðar svo þær taki gildi mánaðarmótin á eftir.

Gjaldskrá og reglur um leikskóla Árborgar má finna á heimasíðu leikskólans.

Viðtalstímar

Deildarstjórar hafa viðtalstíma í hverri viku.

Foreldrar geta kynnt sér viðtalstíma hjá viðkomandi deildarstjóra.

Þagnarskylda

Barnaverndarlög nr. 80/2002

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Allir kennarar leikskólans eru bundnir þagnarskyldu og þær upplýsingar sem kennarar fá um barnið eru trúnaðarmál. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.

Við hvetjum foreldra og forráðamenn til að leita eftir upplýsingum til deildarstjóra eða leikskólastjóra ef eitthvað er óljóst.